

# SEÐLABANKI ÍSLANDS

## Vaxtaákvörðun



Kynningarfundur  
21. ágúst 2024

# Peningamál í hnotskurn



Lítill breyting á  
alþjóðahorfum  
en óvissa  
hefur aukist



Efnahagssumsvif  
virðast hafa  
tekið við sér á  
ný á öðrum  
ársfjórðungi ...



... en hagvaxtar-  
horfur fyrir árið  
í heild hafa  
versnað frá  
því í maí



Hægir á fjölgun  
starfa en  
atvinnuleysi  
er áfram lítið



Verðbólga jókst  
meira í júlí en  
búist var við en  
horfur hafa lítið  
breyst





Áfram óvissa  
um efnahags-  
horfur og  
hjöðnun  
verðbólgu



# Efnahagssumsvif

# Litlar breytingar á alþjóðlegum hagvaxtarhorfum

- Hagvöxtur í viðskiptalöndum var 1,1% á Q1 – en sem fyrr er þróunin milli landa afar ólík
- Vísbendingar um að lítillega hafi bætt í hagvöxt á Q2 og að árshagvöxtur verði 1,4% að meðaltali á Q3
- Þróunin í meginatriðum í takt við maíspá og litlar breytingar eru á alþjóðlegum hagvaxtarhorfum




1. Árstíðarleiðréttar tölur. Tölur fyrir Noreg eru án vinnslu og flutnings á olíu og gasi. 2. Árstíðarleiðréttar tölur. Grunnspá Seðlabankans fyrir 2. og 3. ársfj. 2024. Heimildir: Refinitiv Datastream, Seðlabanki Íslands.

# Samdráttur á Q1 í ár – í fyrsta skipti síðan 2021 ...

- Hratt dró úr hagvexti er leið á 2023: var 7% á H1/23 en kominn í 0,6% á Q4 og nýir ÞHR sýna 4% samdrátt á Q1 í ár
- Neikvæð áhrif minni birgðasöfnunar vega þungt – í ágætu samræmi við PM 24/2 ...
- ... en frávik í undirliðum: einkaneysla og innflutningur sterkari en spáð var ... en samneysla, fjárfesting og útflutningur veikari


## Hagvöxtur og framlag undirliða<sup>1</sup>

1. ársfj. 2020 - 1. ársfj. 2024



## Þjóðhagsreikningar á fyrsta ársfjórðungi 2024

Breyting frá fyrra ári (%)








1. Frávik geta verið á milli samtölu framlags undirliða og hagvaxtar vegna keðjutengingar þjóðhagsreikninga.  
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



# ... en efnahagsumsvif virðast hafa aukist á ný á Q2




- Hátíðnivísbendingar benda til aukins krafts í innlendri eftirspurn á Q2 þótt vísbendingar um einkaneyslu séu misvísandi
- Heldur dró úr umsvifum í ferðapjónustu á Q2 en nýjar kortatölur benda til betri stöðu en eldri tölur
- Ný útlán til heimila og fyrirtækja hafa aukist (aðallega til fasteignafélaga) og fjármálaleg skilyrði heldur batnað



1. Greiðslukortavelta á föstu verðlagi. 2. Almenn atvinnuvegafjárfesting er atvinnufjárfesting án stóriðju, skipa og flugvéla. Magnvísitala innfluttra almennra fjárfestingarvara og flutningatækja til atvinnurekstrar, þó ekki skipa og flugvéla. 3. Fjöldi gistinóttu erlendra ferðamanna miðað við gistinætur á hótelum. Kortavelta miðað við mánaðarlega heildarveltu erlendra greiðslukorta á Íslandi á föstu gengi. Fjöldi ferðamanna miðað við mánaðarlegar brottfarir um Keflavíkurflugvöll. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal kortaveltu og ferðamannatalna. 4. Hrein ný útlán innlánsstofnana, lífeyrissjóða og ÍL-sjóðs. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal. Fjármálaleg skilyrði mæld með fjármálaskilyrðavísi. Lægra gildi bendir til þess að fjármálaskilyrði hafi versnað. Grunnspá Seðlabankans fyrir einkaneyslu, almenna atvinnuvegafjárfestingu og út- og innflutning vöru og þjónustu á 2. ársfj. 2024. Heimildir: Ferðamálastofa, Gallup, Hagstofa Íslands, Isavia, Seðlabanki Íslands.

# Vísbendingar um minnkandi spennu á vinnumarkaði

- Samkvæmt staðgreiðslugögnum hefur hægt jafnt og þétt á fjölgun starfa frá því á fyrri hluta síðasta árs
- Dregur einnig úr ráðningaráformum fyrirtækja og lausum störfum fækkar ... en atvinnuleysi hefur lítið breyst
- En vísbendingar um minnkandi áraun á framleiðslupætti: hlutföll fyrirtækja sem starfa við full afköst og skortir starfsfólk lækkar




1. Launafólk á aldrinum 16-74 ára samkvæmt tölum úr staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra. Laus störf skv. fyrirtækjakönnun Hagstofu Íslands og fjöldi atvinnulausra samkvæmt vinnumarkaðskönnun sömu stofnunar. 2. Vítt atvinnuleysi eru atvinnulausir, vinnulitir (þeir sem eru í hlutastarfi en vilja vinna meira) og möguleg viðbót á vinnumarkað (þeir sem eru tilbúnir að vinna en eru ekki að leita að vinnu og þeir sem eru að leita að vinnu en eru ekki tilbúnir að hefja störf innan tveggja vikna) sem hlutfall af mannafla með viðbót. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiðréttra talna. 3. Mælikvarðar fyrir nýtingu framleiðslupátta byggjast á viðhorfskönnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins. Vísitala nýtingar framleiðslupátta (NF-vísitalan) er fyrsti frumpáttur valinna vísbendinga um nýtingu framleiðslupátta sem er skalaður til svo meðaltal hans er 0 og staðalfrávik 1. Árstíðarleiðrétta tölur. Brotalínur sýna meðaltöl frá 2006. Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.

# Hagvaxtarhorfur hafa versnað frá því í maí


- Áætlað að VLF hafi aukist um 2% milli ára á Q2 í ár þar sem neikvæð áhrif birgðabreytinga á Q1 ganga að hluta til baka
- Spáð 0,5% hagvexti á árinu öllu – 0,6 pr. minni vöxtur en spáð í PM 24/2 ... lakari horfur í ferðaþjónustu vega þyngst
- Hagvaxtarhorfur versna einnig lítillega á næstu tveimur árum

Hagvöxtur og framlag undirliða 2018-2026<sup>1</sup>



|      |      |
|------|------|
| 2023 | 4,1% |
| 2024 | 0,5% |
| 2025 | 2,0% |
| 2026 | 2,6% |

Breyting á hagvaxtarhorfum frá PM 24/2 og framlag undirliða



1. Grunnspá Seðlabankans 2024-2026. Brotalína sýnir spá PM 2024/2.  
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.








# Verðbólga

# Verðbólga jókst á ný í júlí




- Verðbólga fór úr 6,2% í maí í 5,8% í júní en jókst á ný í 6,3% í júlí ... án húsnæðis jókst hún úr 4% í 4,2% og undirliggjandi verðbólgu jókst í 5,3% – aukning verðbólgu virðist á tiltölulega breiðum grunni þótt húsnæðisliður vegi sem fyrr þungt ...
- ... t.d. jókst árshækkun innlendarar og innfluttrar vöru á ný og þjónustuverðbólga hefur haldist í um 6½% það sem af er ári



1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu 3 (áhrif óbeinna skatta, sveiflukennndra matvöruliða, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfræðilegum mælikvörðum (vegið miðgildi, klippt meðaltal, kvikt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur VNV). Frá og með júní 2024 er kjarnavísitala 2 notuð þar sem kjarnavísitala 3 er ekki lengur birt. 2. Þjónusta er vegið meðaltal af undirliðunum almennri og opinberri þjónustu. 3. Innfluttar vörur án áfengis, tóbaks og bensíns. Innlendarar vörur án búvöru og grænmetis. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Alþjóðleg verðbólga heldur áfram að hjaðna ...

- Verð á olíu og annarri hrávöru hefur lækkað aftur þrátt fyrir hækkun flutningskostnaðar – auknar áhyggjur af alþjóðahorfum
- Alþjóðleg verðbólga hjaðnar og er nú komin undir 3% að meðaltali – hvort sem litið er til mældrar eða undirliggjandi verðbólgu
- Hægir enn frekar á hækkun vöru- og matvælaverðs en minni lækkun orkuverðs og þrálát þjónustuverðbólga vega á mót





1. Brent verð á hráolíu. Verðvísitala gámaflutninga er Freightos Global Container Index. Meðaltal mánaða. Gögn til og með 16. ágúst 2024. 2. Undirliggjandi verðbólga mæld sem verðbólga án orkuverðs og matvælaverðs, nema í Noregi (án orkuverðs og skattabreytinga) og Svíþjóð (án orkuverðs en miðað við fasta vexti). Áætlun Seðlabankans fyrir júlí 2024. 3. Vöruverð án orku- og matvælaverðs.

Heimildir: Alþjóðabankinn, Refinitiv Datastream, Seðlabanki Íslands.

# ... en innflutningsverð er tekið að hækka á ný

- Dregur úr lækkun útflutningsverðs helstu viðskiptalanda og í erlendum gjaldmiðlum er innflutningsverð tekið að hækka á ný
- Gengi ISK var fremur stöðugt framan af ári en hefur lækkað um 1% í ágúst og er nú um 5% lægra en á sama tíma í fyrra
- Árshækkun ISK á Q1 leiddi til lækkunar á innflutningsverði í krónum en sú lækkun virðist hafa gengið til baka á Q2






1. Meðalverð útflutnings helstu viðskiptalanda seinkað um 1 ársfjórðung og innflutningsverð Íslands í erlendum gjaldmiðlum. Grunnspá Seðlabankans fyrir 2. ársfj. 2024. 2. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum (þröng viðskiptavog).

3. Grunnspá Seðlabankans fyrir 2. ársfj. 2024.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Refinitive Datastream, Seðlabanki Íslands.

# Hægir á hækkun launa en húsnæðisverðbólga eykst

- Hægt hefur á árshækkun launa þótt hún sé enn töluverð eða 6,6% m.v. launavísitölu
- Árshækkun húsnæðisverðs var 9,1% í júní og ekki verið meiri síðan í feb. 2023 ... greinileg áhrif eldsumbrota: mikil aukning kaupsamninga en framboð hefur aukist á mótí og meðalsölutími orðinn svipaður og í mars eftir að hafa styst mikið í apríl og maí






1. Vísitalan er gæðaleiðrétt m.v. fasteignamat og byggist á kaupsamningum sl. mánaðar. Hlutfall íbúða sem seldar eru yfir auglýstu söliverði af heildarfjölda seldra íbúða (þriggja mánaða hlaupandi meðaltal). 2. Fjöldi íbúða á sölu og meðalsölutími á landinu öllu.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Seðlabanki Íslands.



# Verðbólguvæntingar haldast enn háar



- Verðbólguvæntingar skv. könnunum breytast lítið frá fyrri könnunum en eru lægri en á sama tíma í fyrra á flesta mælikvarða
- Skammtíma verðbólguálagið lækkaði um miðjan júlí í kjölfar tilkynningar um breytta skattlagningu bifreiðanotkunar nk. áramót
- Tilkynningin hafði lítil áhrif á 10-ára álagið og því hækkaði 5/5-ára álagið – ekki augljóst að það endurspegli hækkun væntinga



1. Miðgildi svara í könnun Gallup á verðbólguvæntingum heimila og fyrirtækja. 2. Miðgildi svara í könnun Seðlabankans á verðbólguvæntingum markaðsaðila. 3. Meðaltal mánaða. Gögn til og með 16. ágúst 2024.  
Heimildir: Gallup, Seðlabanki Íslands.

# Litlar breytingar á verðbólguhorfum frá því í maí

- Verðbólga var 6% á Q2 eins og spáð var í PM 24/2 en jókst meira í júlí en gert hafði verið ráð fyrir
- Þessi lakari upphafsstaða skýrir af hverju spáð er meiri verðbólgu fram á næsta ár en í maí en verðbólguhorfur breytast í raun lítið
- Spáð er að verðbólga verði 6,3% á Q3 en minnki síðan í 5,8% á Q4 (í stað 5,3% í maíspá) ... minnkar síðan áfram í takt við maíspá



|      | Ársmeðaltöl | Árslok |
|------|-------------|--------|
| 2023 | 8,7%        | 7,9%   |
| 2024 | 6,2%        | 5,8%   |
| 2025 | 4,2%        | 3,6%   |
| 2026 | 2,9%        | 2,4%   |

1. Samanburður á grunnspá og spám heildarjafnvægislíkans bankans (DYNIMO) og meðaltals 5 tölfræðilega metinna verðbólgu líkana sem bankinn notar við að gera skammtíma verðbólgu spár.  
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Peningamál í hnotskurn



Lítill breyting á  
alþjóðahorfum  
en óvissa  
hefur aukist



Efnahagssumsvif  
virðast hafa  
tekið við sér á  
ný á öðrum  
ársfjórðungi ...



... en hagvaxtar-  
horfur fyrir árið  
í heild hafa  
versnað frá  
því í maí



Hægir á fjölgun  
starfa en  
atvinnuleysi  
er áfram lítið



Verðbólga jókst  
meira í júlí en  
búist var við en  
horfur hafa lítið  
breyst



Áfram óvissa  
um efnahags-  
horfur og  
hjöðnun  
verðbólgu



Ritið í heild



Kynning aðalhogfræðings



Power Point myndir



Myndagögn



Títt



Facebook